



ÁHÆTTUSTEFNA

Apríl 2026

INNGANGUR

Áhættustefna LSR og áhættustýring byggir á reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Jafnframt byggir áhættustefnan og áhættustýring á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (lífeyrissjóðalög), reglugerð nr. 916/2009, um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar, lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) auk reglugerðar (ESB) 2022/2554 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt (DORA).

Um er að ræða skjalfesta stefnu stjórnar um áhættu í starfsemi sjóðsins og þá áhættu sem stjórnin er reiðubúin að taka í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins. Áhættustýring er hluti af eftirlitskerfi sjóðsins með áhættu sem fjallað er nánar um í áhættustýringarstefnu sjóðsins.

Stjórn LSR ber endanlega ábyrgð á að fullnægjandi áhættueftirlit sé til staðar, en framkvæmdastjóri og sviðsstjóri áhættustýringar sjá um framkvæmd þess fyrir hönd stjórnarinnar.

MARKMIÐ

Samkvæmt 9. tölulið 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal stjórn setja áhættustefnu og móta eftirlitskerfi með áhættu sjóðsins.

Áhættustefna LSR er eitt af lykilverkfærum stjórnar til að uppfylla skyldur sínar sem yfirstjórn sjóðsins. Í áhættustefnu er áhættuvilji stjórnar skilgreindur og tekur fjárfestingarstefna sjóðsins mið af honum. Áhættustefna og fjárfestingarstefna mynda þannig saman umgjörð sem miðar að því að sjóðurinn nái markmiðum sínum með hliðsjón af aðstæðum á mörkuðum á hverjum tíma.

Sviðsstjóri áhættustýringar hefur yfirumsjón með framkvæmd áhættustefnu og leggur fram tillögur að breytingum fyrir stjórn ef þörf krefur.

ÁHÆTTUVILJI OG ÁHÆTTUÞOL

Áhættuvilji (e. Risk appetite) er sú áhætta sem stjórn er reiðubúin að taka í því skyni að ná settum markmiðum. Áhættuþol (e. Risk tolerance) er sú áhætta sem lífeyrissjóður þolir án þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða.

Tafla 1. Skali áhættuvilja

Mikill áhættuvilji	Mikil áhætta er tekin meðvitað í þeim tilgangi að mikill ávinningur geti hlotist af því. Þessi mikla áhætta gæti haft í för með sér meiriháttar afleiðingar, s.s. mikla tapsáhættu eða orðsporsmissi.
Verulegur áhættuvilji	Veruleg áhætta er tekin meðvitað í þeim tilgangi að talsverður ávinningur hljóti af að jafnaði. Þessi verulega áhætta gæti haft í för með sér miklar afleiðingar, s.s. tapsáhættu eða orðsporstjón.
Nokkur áhættuvilji	Nokkur áhætta er tekin. Áhættan er þekkt og ásættanleg og/eða óhjákvæmileg í rekstri sjóðsins. Áhættan kann að vera nauðsynleg til að ná settum markmiðum eða ekki er mögulegt eða hagkvæmt að beita áhættuvörnum.
Óverulegur áhættuvilji	Óveruleg áhætta er tekin þar sem leitast er við að framkvæma beinar aðgerðir til að stýra eða draga úr áhættu. Ekki er víst að það sé hagkvæmt eða mögulegt að stýra áhættu að fullu en það gæti reynst hagkvæmt að grípa til aðgerða sem minnka líkur á eða draga úr áhrifum áhættu þar sem því verður við komið. Slíkar aðgerðir fara eftir eðli máls hverju sinni og geta verið breytilegar.
Lágmarks áhættuvilji	Sem minnst áhætta er tekin meðvitað. Markvisst er leitast við að komast hjá áhættu, t.d. með því að fara út úr áhættusömum verkefnum eða fjárfestingum.

Áhættuþáttum er snúa að rekstri sjóðsins er skipt upp í sex yfirflokkar: **fjárfestingar, lausafjárstýringu, lífeyrisskuldbindingar, upplýsinga- og fjarskiptatækni (UFT), sjálfbærni og rekstur** sem saman mynda áhættusnið sjóðsins. Þessum flokkum er skipt upp í áhættuþætti sem allir eru áhættumetnir auk þess sem ákvarðaður er áhættuvilji og áhættuþol fyrir þá eftir því sem við á.

Við mat á áhættuvilja og áhættuþoli er fyrst og fremst horft til þeirra laga og reglna sem gilda um starfsemina, t.d. hvað varðar ávöxtunarkröfu og lífeyrisskuldbindingar. Fjárfestingarstefna sjóðsins, sem endurskoðuð er árlega, endurspeglar áhættuvilja stjórnar og áhættuþol sjóðsins. Sjóðurinn starfar í fjórum ólíkum deildum, A-deild, B-deild, tilgreindri séreignardeild og Séreignardeild, en Séreignardeild skiptist að auki í tvær fjárfestingarleiðir, Verðbréfaleið og Innlánaleið. Áhættuvilji og áhættuþol er ekki það sama fyrir allar deildirnar. Gerð er sjálfstæð fjárfestingastefna fyrir hverja deild og endurspeglar hún mismunandi áhættuvilja hverrar deildar fyrir sig. Eignum tilgreindar séreignardeildar er stýrt sem hluti af Verðbréfaleið og fylgir því fjárfestingarstefnu hennar.

Áhættuvilji stjórnar vegna **fjárfestinga** hefur m.a. þannig áhrif á eftirfarandi þætti í fjárfestingastefnu sjóðsdeilda:

- Eignasamsetning sem stefnt er að í hverjum eignaflokki.
- Hámarkshlutdeild í hlutabréfum einstakra félaga, eða hlutdeildarskírteinum einstakra fagfjárfestasjóða sem endurspeglar þá mótaðilaáhættu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka gagnvart einstökum útgefendum.
- Hámark fjárfestinga í erlendum gjaldmiðlum sem endurspeglar þá gjaldeyrisáhættu sem sjóðurinn er reiðubúinn að taka.

Áhættuvilji stjórnar í **upplýsinga- og fjarskiptatækni** er *óverulegur*, sbr. skala áhættuvilja í *Töflu 1*, og miðast við að sjóðurinn geti á hverjum tíma staðið við lögbundið hlutverk sitt með

öruggu og aðgengilegu tæknilegu umhverfi. Unnið er með beinum aðgerðum til að lágmarka stafræna áhættu, stuðla að tímanlegum viðbrögðum og endurheimt við atvik og stýra áhættu vegna útvistaðrar upplýsingatækni og þriðju aðila í samræmi við DORA.

Áhættuvilji stjórnar fyrir **rekstur** er *óverulegur* og miðast við að lykilverlar og þjónusta sjóðsins séu samfelld, rétt og tímanleg til að standa við lögbundið hlutverk. Áhættunni er mætt með beinum aðgerðum, m.a. innra eftirliti og verkferlum, samfellu- og viðbragðsáætlunum (með prófunum) og stýringu frávika og áhættu vegna birgja/útvistunar.

Áhættuvilji vegna **lausafjárstýringar** markast af því að ávallt sé til nóg af auðseljanlegum eignum til þess að standa undir útgreiðslum.

Áhættuvilji vegna **lífeyrisskuldbindinga** hjá A-deild markast m.a. af lagalegum kröfum en þó þannig að munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga sé að jafnaði ekki yfir 5% fjögur ár samfellt.

Áhættuvilji vegna **sjálfbærni** miðast við að áhætta einstakra undirþátta, þ.e. umhverfisþátta, félagslegra þátta, og stjórnarháttá (UFS), í eignasafni sjóðsins skv. alþjóðlegu flokkunarkerfi SASB (Sustainability Accounting Standards Board) sé *óveruleg eða lægri*.

Áhættuþol fjárfestinga A-deildar markast m.a. af líkum á að tryggingafræðileg staða lækki um 10 prósentustig. Áhættuþol fjárfestinga B-deildar byggir á samskonar aðferðafræði og A-deild.

Áhættuþol fjárfestinga fjárfestingarleiða séreignardeilda markast m.a. af áhættumælikvörðum sem reiknaðir eru út frá flókti á gengi leiðanna skv. framseldri reglugerð ESB nr. 2017/653.

Áhættuþol lausafjár tekur m.a. mið af mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum mismunandi deilda sjóðsins ásamt öðrum skuldbindingum er tengjast fjárfestingum. Áhættuþolið markast af því að deildirnar eigi nægjanlegt hlutfall auðseljanlegra eigna á hverjum tíma til að standa undir áætluðu nettó útfærðum.

Áhættuþol lífeyrisskuldbindinga A-deildar tekur mið af tryggingafræðilegri stöðu deildarinnar hverju sinni, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 þar sem kveðið er á um að sjóðnum beri að grípa til sérstakra aðgerða leiði tryggingafræðileg athugun í ljós meiri en 10% munur á milli eignaliða og skuldbindinga eða ef munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris úr B-deild sbr. 32. gr. laga nr. 1/1997 og því er áhættuþol deildarinnar ekki skilgreint með sama hætti og fyrir A-deild. Skuldbindingahalli er á deildinni og sjóðspurrð fyrirsjáanleg að óbreyttu og leggur sjóðurinn áherslu á að upplýsa fjármála- og efnahagsráðuneytið reglulega um þróun framtíðarskuldbindingar og áhrif þess ef að sjóðurinn tæmist.

Áhættuþol sjóðsins vegna **upplýsinga- og fjarskiptatækni** og **reksturs** tekur mið af því að ávallt sé hægt að greiða út réttan lífeyri á réttum tíma. Sjóðurinn er með mánaðarlegar eftirlitsaðgerðir til þess að stuðla að því að þessu grunnhlutverki sé framfylgt.

Áhættuþol sjóðsins vegna **sjálfbærni** hefur ekki verið skilgreint.

Í neðangreindri töflu er yfirlit yfir helstu áhættuþætti sjóðsins þar sem tilgreindur er áhættuvilji stjórnar fyrir hvern þátt svo og áhættuþol sjóðsins. Áhættuþáttum sjóðsins er lýst nánar í áhættustýringarstefnu og áhættustýringarramma vegna upplýsinga- og fjarskiptatækni (UFT).

Tafla 2. Áhættuvilji og áhættuþol

Áhættusnið	Afstaða til áhættu	Áhættuþáttur	Deild	Áhættuvilji	Áhættuþol
Fjárfestingar	<p>A-deild: Meira vægi hlutabréfa en skuldabréfa. Áhættan er tekin með væntingar um hærri ávinning en A-deild LSR er langtíma fjárfestir með lágt útgreiðsluhlutfall næstu árin og þolir því sveiflur.</p> <p>B-deild: Deildin gengur á eignir til greiðslu lífeyris og fjárfestingartímabil tekur mið af áætlun um líftíma B-deildar, sem endurspeglast í lægri áhættuvilja í samanburði við A-deild.</p>	Markaðsáhætta, gjaldeyris	A-deild	Áhættuvilji stjórnar miðast við að eignir í erlendum gjaldmiðlum séu ávallt a.m.k. 2 prósentustigum undir hámarki skv. lögum.	Eignir í erlendum gjaldmiðlum fari ekki umfram heimildir skv. lögum, sbr. 1. mgr. 36. gr. d. laga nr. 129/1997.
			B-deild	Áhættuvilji stjórnar miðast við að eignir í erlendum gjaldmiðli verði 40% af heildareignum til lengri tíma litið.	Eignir í erlendum gjaldmiðlum fari ekki umfram heimildir skv. lögum, sbr. 1. mgr. 36. gr. d. laga nr. 129/1997.
			Verðbréfaleið	Áhættuvilji stjórnar miðast við að eignir í erlendum gjaldmiðli séu ávallt a.m.k. 2 prósentustigum undir hámarki skv. lögum.	Eignir í erlendum gjaldmiðlum fari ekki umfram heimildir skv. lögum, sbr. 1. mgr. 36. gr. d. laga nr. 129/1997.
			Innlánaleið	Á ekki við þar sem eignir Innlánaleiðar eru eingöngu innlán í ISK.	
	<p>Tilgreind séreignardeild: Fjármunir deildarinnar eru ávaxtaðir í gegnum Séreignardeild, Verðbréfaleið.</p> <p>Séreignardeild, Verðbréfaleið: Blönduð leið sem þýðir að sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar. Fjárfestingarheimildir Verðbréfaleiðar miðast af þeim lagalegum takmörkunum sem eru þrengri hverju sinni vegna sameiginlegrar stýringar eigna Verðbréfaleiðar og tilgreindar séreignardeildar.</p> <p>Séreignardeild, Innlánaleið: Innlánaleið þar sem séreignarsparnaðurinn er ávaxtaður að mestu á verðtryggðum innlánsreikningum.</p>	Markaðsáhætta, hlutabréf	A-deild	Áhættuvilji gagnvart verðbreytingum á mörkuðum endurspeglast í líkum á að verðbreytingar valdi því að tryggingafræðileg staða versni um 10 prósentustig. Líkurnar skulu ekki vera hærri en 7%.	Áhættuþol sjóðsdeildarinnar markast af líkum á að tryggingafræðileg staða versni um 10 prósentustig. Líkurnar skulu ekki vera hærri en 15%.
			B-deild	Áhættuvilji gagnvart verðbreytingum á mörkuðum endurspeglast í líkum á að verðbreytingar valdi því að tryggingafræðileg staða versni um 10 prósentustig. Líkurnar skulu ekki vera hærri en 5%.	Áhættuþol sjóðsdeildarinnar markast af líkum á að tryggingafræðileg staða versni um 10 prósentustig. Líkurnar skulu ekki vera hærri en 7%.
			Verðbréfaleið	Áhættuvilji Verðbréfaleiðar markast af flökti á gengi fjárfestingarleiðarinnar, þ.e. MRM áhættumælikvarða sem	MRM áhættumælikvarði Verðbréfaleiðar skal ekki vera hærri en 4.

Áhættusnið	Afstaða til áhættu	Áhættuþáttur	Deild	Áhættuvilji	Áhættuþol
				reiknaður er skv. framseldri reglugerð ESB nr. 2017/653, og skal að jafnaði vera í áhættuflokki 3.	
			Innlánaleið	Áhættuvilji Innlánaleiðar markast af flökti á gengi fjárfestingarleiðarinnar, þ.e. MRM áhættumælikvarða sem reiknaður er skv. reglugerð ESB og skal að jafnaði vera í áhættuflokki 2.	MRM áhættumælikvarði Innlánaleiðar skal ekki vera hærri en 2.
		Markaðsáhætta, verðbólga	A-deild	Áhættuvilji sjóðsins gagnvart hlutfalli verðtryggðra eigna miðast við að hlutfallið sé hærra en 25% af heildareignum til lengri tíma.	Áhættuþol sjóðsins gagnvart hlutfalli verðtryggðra eigna af heildareignum deildanna er ekki skilgreint.
			B-deild		
			Verðbréfaleið	Áhættuvilji og áhættuþol Verðbréfaleiðar hefur ekki verið skilgreint.	
			Innlánaleið	Á ekki við þar sem eignir Innlánaleiðar eru aðallega verðtryggð innlán í ISK.	
		Vaxta- og endurfjárfesting aráhætta	A-deild	Meðallíftími skuldabréfa er notaður sem mælikvarði á vaxtaáhættu og er vaxtanæmni safnsins áætluð út frá meðallíftíma undirliggjandi eigna. Áhættuvilji sjóðsins gagnvart vaxta- og endurfjárfestingaráhættu miðast við að meðallíftími A-deildar sé ekki skemmri en 6 ár. Áhættuþol hefur ekki verið skilgreint.	
			B-deild	Áhættuvilji sjóðsins gagnvart vaxta- og endurfjárfestingaráhættu miðast við að meðallíftími B-deildar sé ekki skemmri en 4 ár. Áhættuþol hefur ekki verið skilgreint.	
			Verðbréfaleið	Meðallíftími skuldabréfa er notaður sem mælikvarði á vaxta- og endurfjárfestingaráhættu og er vaxtanæmni safnsins áætluð út frá meðallíftíma undirliggjandi eigna.	

Áhættusnið	Afstaða til áhættu	Áhættupáttur	Deild	Áhættuvilji	Áhættuþol
				Áhættuvilji sjóðsins gagnvart vaxtaáhættu miðast við að meðallíftími skuldabréfaeigna Verðbréfaeiðar sé á bilinu 4-7 ár. Áhættuþol hefur ekki verið skilgreint.	
			Innlánaleið	Á ekki við þar sem eignir Innlánaleiðar eru aðallega verðtryggð innlán í ISK.	
		Mótaðila- og samþjöppunar-áhætta	A-deild	Áhættuvilji og áhættuþol gagnvart mótaðila- og samþjöppunaráhættu markast af þeim takmörkum sem sjóðnum ber að fara eftir vegna hámarks á einstakar tegundir eignaflokka, mótaðilaáhættu og annarra takmarkana skv. 1.-7. mgr. 36. gr. c. laga nr. 129/1997.	
			B-deild		
			Verðbréfaeið		
				Innlánaleið	Áhættuvilji og áhættuþol fyrir deildina hefur ekki verið skilgreint. Innlánaleið byggir á verðtryggðum innlánnum hjá innlendum lánastofnunum og er þeim dreift á þrjár stærstu lánastofnanirnar. Sjóðurinn er meðvitaður um að áhætta vegna framangreinds er talsverð.
		Útlánaáhætta, lögaðilar	A-deild	Útlánaáhætta nær yfir eftirfarandi eignaflokka í eignasafni sjóðsins. <ul style="list-style-type: none"> - Fyrirtækjabréf - Lánastofnannabréf - Sértryggð bréf - Veðskuldabréf - Sjóðfélagalán 	
			B-deild		
			Verðbréfaeið		
			Innlánaleið		
		Útlánaáhætta, sjóðfélagar	A-deild og B-deild	Áhættuvilji stjórnar og áhættuþol sjóðsins og gagnvart útlánaáhættu markast af lánareglum sjóðsins þar sem það á við og 36. gr. c laga nr. 129/1997.	
			A-deild og B-deild	Á ekki við um eignir Innlánaleiðar sem eru aðallega verðtryggð innlán í ISK.	

Áhættusnið	Afstaða til áhættu	Áhættuþáttur	Deild	Áhættuvilji	Áhættuþol
Lausafjár- stýring	<p>A-deild: Bæði inn- og útlæði deildarinnar næstu árin er fyrirsjáanlegt og því forðast sjóðurinn að taka meðvitaða áhættu í lausafjárstýringu deildarinnar án þess að lagður sé þungi í að útiloka hana algerlega.</p> <p>B-deild: Deildin er lokuð og með stöðugt og fyrirsjáanlegt útlæði af eignum. Sjóðurinn forðast því við að taka meðvitaða áhættu.</p> <p>Séreignardeild, Verðbréfaleið: Opið er fyrir flutningi milli Verðbréfa- og Innlánaleiðar og einnig milli annarra séreignarsjóða. Aðilar sem eru í tilgreindri séreignardeild geta einnig flutt eign sína í tilgreindar séreignarleiðir annarra lífeyris-sjóða. Til að geta brugðist við skyndilegu útlæði eru eignir deildarinnar að stærstum hluta í auðseljanlegum eignum.</p> <p>Séreignardeild, Innlánaleið: Hugsað sem ígildi bankareiknings og því með lágmarksáhættu.</p>	Lausafjárahætta	A-deild	Auðseljanlegar eignir skulu vera hærri en áætlað nettó útlæði næstu 12 mánaða.	<p>Áhættuþol deildanna markast af lausafjárstöðu, þ.e. að hlutfall auðseljanlegra eigna sé nægilegt á hverjum tíma til að standa undir nettó útgreiðslum, hvort sem er í formi lífeyrisgreiðslna, útlæðis eða innkallana áskriftarloforða.</p> <p>Auðseljanlegar eignir skulu vera hærri en áætlað nettó útlæði næstu 3ja mánaða.</p>
			B-deild		
			Verðbréfaleið		
			Innlánaleið	Áhættuvilji og áhættuþol hefur ekki verið skilgreint. Vægi innlána er 100% og aðallega á verðtryggðum reikningum en heimilt er að ávaxta hluta af innlánunum á óbundnum óverðtryggðum reikningum vegna mánaðarlegs greiðslustreymis deildarinnar og til að mæta óvæntu útstreymi úr deildinni.	
Lífeyris- skuldbind- ingar	<p>Leitast er við að ársreikningur sjóðsins gefi sem besta mynd af fjárhagsstöðunni og því leitast við að meta skuldbindingar með eins réttum hætti og tók er á til að draga úr lífeyristryggingaráhættu.</p> <p>Jafnframt er leitast við að ná því markmiði að eignir geti mætt skuldbindingum til lengri tíma og mótast fjárfestingastefna deildanna út frá því og markaðsaðstæðum á hverjum tíma.</p>	Eigna- og skuldbindinga- jöfnuður	A-deild	<p>Áhættuvilji vegna lífeyrisskuldbindinga hjá A-deild markast m.a. af lagalegum kröfum en þó þannig að munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga sé að jafnaði ekki meiri en 5% fjögur ár samfelld.</p>	<p>Áhættuþol A-deildar tekur mið af tryggingafræðilegri stöðu deildarinnar hverju sinni. Samkvæmt 39. gr laga nr. 129/1997 má munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meira en 10% eða 5% í meira en 5 ár samfelld.</p> <p>Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris úr B-deild sbr. 32. gr. laga nr. 1/1997 og því er áhættuþol deildarinnar ekki skilgreint.</p>
			B-deild		
		Lífeyris- tryggingaáhætta	A-deild		
			B-deild		

Áhættusnið	Afstaða til áhættu	Áhættuþáttur	Deild	Áhættuvilji	Áhættuþol
Upplýsinga- og fjarskipta-tækni (UFT)	<p>Sjóðurinn hefur mjög varfærna afstöðu til áhættu sem tengist stafrænu rekstrarþoli (sbr. DORA) og er meðvitaður um að truflanir, öryggisatvik og veikleikar í upplýsingatækni eða hjá þjónustuaðilum geti haft óásættanleg áhrif á getu sjóðsins til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.</p> <p>Sérstaklega er horft til skilgreindra lykilkirfa sjóðsins og tengsl þeirra við lykilferla sjóðsins við mat á áhættu vegna upplýsingatækni.</p>	Upplýsinga- og netöryggi		Áhættuvilji stjórnar hvað varðar upplýsinga- og netöryggi er að líkur og afleiðing áhættu verði litlar eða miðlungs, þar sem verndun viðkvæmra gagna er lykilatriði fyrir traust og reglufylgni s.s. við DORA og lög um Persónuvernd.	<p>Áhættuþol sjóðsins markast af því að ávallt sé hægt að greiða út réttan lífeyri á réttum tíma.</p>
		Atvikastjórnun, rekstrarsamfella, afritun og endurheimt		Áhættuvilji stjórnar hvað varðar atvikastjórnun og rekstrarsamfellu er að líkur og afleiðing áhættu verði litlar eða miðlungs. Við mat áhættu vegna rekstrarsamfelli er m.a. horft til ásættanlegs niðritíma (RTO) hvers kerfis fyrir sig, sem skilgreindur er í endurreisnaráætlun sjóðsins.	
		Breytingar-stjórnun og þróun		Áhættuvilji stjórnar varðandi áhættu tengd breytingum og innleiðingu nýrrar tækni er að líkur og afleiðing áhættu verði litlar eða miðlungs. Innleiðing nýrrar tækni skal vera stýrð og prófuð í samræmi við innri reglur sjóðsins.	
		Prófanir viðnámspróttar og þjálfun starfsfólks		Áhættuvilji stjórnar varðandi prófanir á stafrænu rekstrarþoli og þjálfun starfsfólks er að líkur og afleiðing áhættu verði litlar eða miðlungs.	
		Stjórnun UFT-áhættu þriðju aðila (m.a. útvistun)		Áhættuvilji stjórnar varðandi áhættu ytri tækniþjónustuaðila er að líkur og afleiðing áhættu verði litlar eða miðlungs. Sjóðurinn er háður ytri tækniþjónustuaðilum. Gerðar eru strangar kröfur um þjónustuviðmið, þjónustusamninga og eftirlit.	
Rekstur	<p>Rekstur sjóðsins hefur verið stöðugur og markmiðið er að hann verði það áfram. Þess vegna forðast sjóðurinn að taka meðvitaða rekstraráhættu án þess að lagður sé sérstakur þungi á að útiloka hana alfarið.</p>	Afhendingar-áhætta		<p>Við mat og stýringu rekstraráhættu er m.a. stuðst við skilgreinda lykilkirfa sjóðsins sem byggja á greiningu á mikilvægi rekstrarferla (BIA), með það að markmiði að stuðla að samfelldri og áreiðanlegri þjónustu.</p>	
Iðgjöld					
Persónuvernd					

Áhættusnið	Afstaða til áhættu	Áhættuþáttur	Deild	Áhættuvilji	Áhættuþol
		Úrskurður lífeyris Útborgun lífeyris Skjölun Starfsmenn Sviksemi Upplýsingar		<p>Áhættuvilji stjórnar miðast við að sjóðurinn geti staðið við lögbundið hlutverk sitt þar sem þar sem leitast er við að framkvæma beinar aðgerðir til að stýra eða draga úr áhættu.</p> <p>Áhættuþol sjóðsins markast af því að ávallt sé hægt að greiða út réttan lífeyri á réttum tíma.</p> <p>Í því ljósi miðar áhættuþol og áhættuvilji stjórnar gagnvart þeim áhættuþáttum sem tilheyra rekstri við að líkur og afleiðing áhættu verði litlar eða miðlungs.</p>	
Sjálfbærni	<p>Sjóðurinn horfir til atriða tengdum umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS) við mat á nýjum fjárfestingarkostum og eftirfylgni fjárfestinga í safni sjóðsins.</p> <p>Sjóðurinn leitast við að lágmarka áhættu tengda sjálfbærni í rekstri sínum og fjárfestingum og stuðla að því að fjárfestingar styðji við sjálfbærni og ábyrga viðskiptahætti til lengri tíma.</p> <p>Sjóðurinn tekur ekki meðvitaða áhættu í tengslum við fjárfestingar sem ganga gegn meginviðmiðum á sviði UFS eða sem stangast á við siðferðisleg gildi og langtímahagsmuni sjóðfélaga.</p>	Umhverfislegir þættir, þ.m.t. loftlagsáhætta Félagslegir þættir Stjórnarhættir		<p>Mat á sjálfbærniáhættu byggir m.a. á SASB flokkunarkerfinu og tekur mið af sérkennum hvernar atvinnugreinar. Flokkunarkerfi SASB (Sustainability Accounting Standards Board) er alþjóðlegur rammi sem skilgreinir hvaða sjálfbærniþættir eru líklegastir til að hafa fjárhagsleg áhrif innan mismunandi atvinnugreina og veitir staðlaðan ramma til greiningar. Horft er til einstakra undirþátta sjálfbærniáhættu og eru þeir metnir sérstaklega, þ.e. áhætta tengdri umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS).</p> <p>Áhættuvilji fyrir sjálfbærniáhættu miðast við að heildaráhætta einstakra undirþátta, þ.e. U-F-S, í eignasafni sjóðsins skv. SASB flokkunarkerfinu sé lítil eða óveruleg.</p> <p>Áhættuþol hefur ekki verið skilgreint.</p>	

ÁHÆTTUSKRÁ

LSR viðheldur sérstakri áhættuskrá sem byggð er á áhættugreiningum og áhættumati á helstu áhættuþáttum sem snúa að sjóðnum. Áhættuskráin nær til allra áhættuþátta sem LSR hefur skilgreint sem lykiláhættu. Í áhættuskrá er einnig haldið utan um úrbótaverkefni og eftirfylgni þeirra í kjölfar áhættumats. Áhættuskrá er endurskoðuð og uppfærð eins oft og þurfa þykir og er hún órjúfanlegur hluti af áhættustefnu sjóðsins.

ÁHÆTTUMAT

Áhættuþættir sjóðsins eru greindir og metnir með reglubundnum hætti þar sem ógnir einstaka áhættuþátta eru metnar út frá alvarleika og horft annars vegar til þeirra áhrifa sem einstök ógn getur haft í för með sér og hins vegar hvaða líkur eru á að hún verði að veruleika. Þar sem því verður við komið er stuðst við mælanlega mælikvarða. Í öðrum tilvikum t.a.m. við rekstraráhættu er stuðst við áhættumatsfylki sjóðsins þar sem staðsetning matsins gefur stig áhættu á 5 stiga (lita) skala sem er notaður til að meta fylgni við áhættuvilja stjórnar, sbr. töflu 1. Áhættumat sem fellur innan dökkgræna svæðisins er lágmarks áhætta og áhættumat sem fellur innan rauða svæðisins er mikil áhætta. Þannig má meta hvort metin áhætta sé innan eða utan áhættuvilja stjórnar.

Tafla 3. Áhættumatsfylki

		Afleiðing			
		1 Litlar	2 Miðlungs	3 Miklar	4 Meiriháttar
Líkur	4 Næstum öruggt, viðvarandi				
	3 Miklar				
	2 Miðlungs				
	1 Litlar				

Ferli áhættustýringar sem lýsir m.a. framkvæmd á greiningu og mati einstakra áhættuþátta ásamt viðeigandi eftirliti og eftirfylgni er lýst nánar í áhættustýringarstefnu sjóðsins og áhættustýringarramma vegna UFT.

Við framkvæmd áhættumats er jafnframt byggt á greiningu á mikilvægi rekstrarferla (e. Business Impact Analysis, BIA), þar sem skilgreindir hafa verið lykilferlar í starfsemi sjóðsins með hliðsjón af áhrifum rekstrartruflana á lögbundið hlutverk hans.

Niðurstöður BIA greiningar eru nýttar til að forgangsraða áhættuþáttum, meta áhrif og líkur, og styðja við ákvarðanatöku um mótvægisáðgerðir, viðbragðsáætlanir og rekstrarsamfellu.

Eigið áhættumat er framkvæmt að lágmarki árlega og þegar breyting verður á áhættusniði sjóðsins samkvæmt reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Eigið áhættumat skal unnið af áhættustýringu LSR í samræmi við áhættustýringarstefnu sjóðsins. Matið tekur tillit til allra helstu áhættuþátta sem skilgreindir eru í áhættustýringarstefnu og taldir upp í áhættuskrá sjóðsins, en áhættuskráin inniheldur ítarlegri upplýsingar um þær ógnir sem skilgreindar eru undir hverjum áhættuþætti. Við áhættumatið er m.a. álagsprófum og sviðsmyndagreiningum beitt eftir því sem við á.

Skýrsla um eigið áhættumat er kynnt stjórn sem rýnir ferlið og endurskoðar forsendur og niðurstöður. Skýrslunni er skilað til Fjármálaeftirlits Seðlabankans eigi síðar en 30. júní árlega. Í skýrslunni kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Greining á helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins
- Lýsing á aðferðum sem notaðar voru við matið
- Sviðsmyndir og álagspróf sem sjóðurinn framkvæmdi
- Aðgerðir sem sjóðurinn hyggst grípa til ef áhætta raungerist
- Hvernig niðurstöður eru notaðar í daglegri starfsemi sjóðsins, svo sem ákvarðanatöku og endurskoðun á áhættustefnu og fjárfestingarstefnu.

Nánari útlitun á framkvæmd eigin áhættumats er lýst í áhættustýringarstefnu.

ÁHÆTTUSTÝRINGARSTEFNA

Sjóðurinn hefur sett sér áhættustýringarstefnu um hvernig lífeyrissjóðurinn hefur eftirlit með einstökum tegundum áhættu. Í stefnunni er m.a. fjallað um:

- Hlutverk og ábyrgð, stjórnar, framkvæmdastjóra, áhættustýringar og annarra sem koma að áhættustýringu sjóðsins.
- Hvernig stuðlað er að góðri áhættumenningu innan LSR.
- Áhættuvilja stjórnar og áhættuþol sjóðsins og mælikvarða sem stuðst er við.
- Umfjöllun um ferli áhættustýringar, þ.m.t. aðferðir við mat á áhættu, áhættumildandi aðgerðir, frávíkaskráningu, skýrslugjöf og framkvæmd eigin áhættumats.
- Áhættuþætti í starfsemi sjóðsins og eigendur þeirra.
- Viðbrögð ef áhætta er utan áhættuvilja stjórnar.

ÁHÆTTUSTÝRINGARRAMMI FYRIR UFT

Áhættustýringarrammi sjóðsins skilgreinir hvernig stafræn áhætta er greind og metin, hvernig henni er stýrt og fylgt eftir til að stuðla að viðeigandi vernd, rekstrarþoli og samfelldum rekstri í samræmi við lög og kröfur. Áhættustýringarramminn inniheldur einnig stefnuáætlun um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt sem nær yfir aðferðir til að bregðast við UFT áhættu og ná sértækum markmiðum í UFT.

Helstu umfjöllunarefni áhættustýringarrammans eru m.a. hlutverk og ábyrgð, flokkun og meðferð upplýsinga og eigna, áhættumat og mótvægisáðgerðir, öryggisráðstafanir og innra eftirlit, atvikastjórnun og tilkynningar, samfella og endurheimt, breytinga- og aðgangsstýring, fræðsla og vitund, auk stýringar á áhættu vegna þriðju aðila og útvistunar. Ramminn er útlistaður nánar í Reglubók upplýsingaöryggis og er vísað til hennar varðandi ítarlegar kröfur, ferla og mælikvarða.

Starfssvið áhættustýringar er sjálfstætt og óháð öðrum starfseiningum og skal m.a. hafa óheftan aðgang að stjórn og undirnefndum stjórnar. Sviðsstjóri áhættustýringar ber ábyrgð á skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnar og annarra viðeigandi aðila.

Áhættustefna er endurskoðuð að lágmarki árlega og þegar markverðar breytingar verða á áhættusniði lífeyrissjóðsins. Áhættustefna er samþykkt af stjórn LSR og breytingar taka gildi við samþykki stjórnar.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 15. apríl 2026 og undirritað rafrænt, samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, af stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og framkvæmdastjóra sjóðsins því til staðfestingar.